

50. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, Þriðjudaginn 14. maí 2024, kl. 12:30.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Ársreikningur Bláskógaveitu 2023 - 2404112

Ársreikningur Bláskógaveitu.

Ársreikningur Bláskógaveitu fyrir árið 2023 var lagður fram. Sveitarstjóri kynnti ársreikninginn. Helstu kennitölur ársreiknings eru: Tekjur: 143,4 millj.kr. Gjöld: 95,5 millj.kr. Afskriftir: 7,2 millj.kr. Fjármunatekjur: 6,2 millj.kr. Tekjuskattur: 17,6 millj.kr. Hagnaður ársins: 29,2 millj.kr. Eignir samtals: 335,1 millj.kr. Eigið fé: 302 millj.kr. Skuldir: 32,7 millj.kr. Handbært fé: 109,9 millj.kr. Fjárfesting nettó 15,3 millj.kr, Heildarfjárfesting 33,9 millj.kr og tengigjöld til frádráttar 18,6 millj.kr. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir ársreikninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarstjórnar til staðfestingar.

2. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015

Minnisblað ÍSOR vegna borunar í Reykholti

Minnisblað ÍSOR var lagt fram. Þar er lagt til að boruð verði vinnsluhola í landi Bláskógabyggðar í Reykholti. Byggir tillagan á gögnum sem fengust við mælingar á hitastigulsholum sem boraðar voru í mars og apríl sl. og á eldri gögnum um boranir í Reykholti. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði að tillögu ÍSOR og boruð vinnsluhola. Gerð verði verðkönnun meðal verktaka og er ÍSOR falið að ljúka við gerð útboðsgagna. Verkefnið rúmast innan fjárhagsáætlunar.

3. Orkuöflun Reykjavellir - 2405003

Erindi Hannesar Sigurðssonar, dags. 03.05.2024, þar sem vakin er athygli á þeim möguleika að Bláskógaveita fái heitt vatn frá Reykjavöllum. Vísað til framkvæmda- og veitunefndar á 359. fundi sveitarstjórnar.

Í erindinu er greint frá borun eftir heitu vatni í landi Reykjavalla, sem nýlokið er við. Ekki hefur farið fram rennismæling, en útlit er fyrir að um töluvert magn af vatni sé að ræða. Framkvæmda- og veitunefnd þakkar fyrir erindið. Stefnt er að borun í Reykholti á næstu vikum samkvæmt tillögu ÍSOR og mun útkoma úr því hafa áhrif á það hvort óskað verður samstarfs um orkuöflun fyrir Reykholt.

4. Dæluhús Bláskógaveitu Laugarvatni - 2305015

Staða hönnunar og undirbúnings útboðs.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu mála. Gert er ráð fyrir að útboðsgögn verði klár um næstu mánaðarmót.

SA
H.K.
AS
121

5. Varaafl Bláskógaveitu á Laugarvatni - 2405007

Aðstaða fyrir rafstöð Bláskógaveitu.

Rætt var um hvort þurfi að koma varaafli Bláskógaveitu á Laugarvatni fyrir í gámi til bráðabirgða, þar til nýtt dæluhús hefur risið. Eldra húsnæði er víkjandi vegna gatnagerðar. Sviðsstjóra er falið að skoða legu Traustatúns með hliðsjón af staðsetningu dæluhússins.

6. Malbikunarframkvæmdir 2024 - 2403044

Áætlun um malbikun 2024

Lagt var fram yfirlit Eflu verkfræðistofu um magntölur vegna yfirborðsfrágangs Borgarrima, 1. áfanga, Tungurima, Traustatúns og Skólatúns.

Lagt er til við sveitarstjórn að sviðsstjóra verði falið að yfirfara magntölur og koma af stað útboði.

7. Framkvæmdir vði Lyngbraut (drenun skurðs milli Bjarkarbrautar og Lyngbrautar) - 2404080

Áætlun um kostnað við lagfæringar á Lyngbraut.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir verkliðum og áætlunum kostnaði. Lagt er til við sveitarstjórn að ákvörðun um verkefnið verði vísað til fjárhagsáætlunar næsta árs.

8. Fundargerðir verkfunda vegna Borgarrima, gatnagerð 3 áfangi (lóðir 16-22) - 2401061

1. verkfundur 3. áfanga, haldinn 16.04.2024

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

9. Verkfundargerðir vegna byggingar húss fyrir UTU við Hverabraut 6 - 2209023

15. fundur haldinn 14.03.2024

16. fundur haldinn 03.04.2024

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

10. Frágangur lóðar við hús fyrir UTU við Hverabraut 6 - 2209023

Utanhússfrágangur við UTU

Sviðsstjóri gerði grein fyrir verkefninu sem snýr að því að ljúka frágangi lóðar við nýtt húsnæði UTU. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að gerður verði viðauki við fjárfestingaáætlun vegna verksins.

11. Öryggisúttekt vegna húss fyrir UTU við Hverabraut 6 - 2209023

Öryggisúttekt vegna Hverabrautar 6

Niðurstöður úttektar voru lagðar fram.

12. Rakatæki í íþróttahús á Laugarvatni - 2404096

Rakatæki fyrir íþróttahúsið á Laugarvatni, vísað til framkvæmda- og veitunefndar á 358. fundi sveitarstjórnar.

Ályktun UMFL um nauðsyn þess að setja upp rakatæki í íþróttahúsinu á Laugarvatni var

lögð fram. Sviðsstjóra er falið að leita eftir ráðgjöf vegna uppsetningar rakatækis.

13. Ærslabelgur í Reykholti - 2405008

Uppsetning ærslabelgs í Reykholti, gjöf frá Lionsklúbbum Geysi og Ungmennafélagi Biskupstungna.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir því að Lionsklúbburinn Geysir og Ungmennafélag Biskupstungna ætla að gefa sveitarfélaginu ærslabelg sem staðsettur verður á skólalóðinni í Reykholti. Kostnaður við jarðvegsfrágang fellur á sveitarfélagið. Framkvæmda- og veitunefnd þakkar fyrir rausnalega gjöf.

14. Ályktun aðalfundar Veiðifélags Hvítárvatns 2024 - 2404103

Ályktun sem samþykkt var á aðalfundi Veiðifélags Hvítárvatns 15.apríl sl. varðandi stuðning við enn frekar innviðaupbyggingu á Biskupstungnaafrétti. Vísað til framkvæmda- og veitunefndar á 359. fundi sveitarstjórnar.

Ályktunin var lögð fram. Þar kemur fram vilji félagsmanna til að styðja enn frekar við innviðaupbyggingu á Biskupstungnaafrétti, eins og samþykktir félagsins kveða á um. Á aðalfundinum var samþykkt eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Veiðifélags Hvítárvatns haldinn 15.apríl 2024 hvetur sveitarfélagið Bláskógabyggð til að kanna möguleika á að koma rafmagnstengingu í Fremstaver. Veiðifélag Hvítárvatns er tilbúið að styrkja slíka framkvæmd um 5 milljónir króna. Framkvæmda- og veitunefnd þakkar boð veiðifélagsins og felur sviðsstjóra að kanna kostnað við að leggja rafstreng í Fremstaver.

15. Eftirlitsskýrslur HES 2024 - 2404078

Niðurstöður eftirlits með vatnsveitu Bláskógabyggðar, skýrsla HES, dags. 16.04.2024.

Skýrslan var lögð fram. Niðurstaða mælinga er að sýnin stóðust kröfur reglugerðar 536/2001, um neysluvatn.

16. Teppamottur á íþróttahús Laugarvatni - 2404095

Tilboð í teppamottur fyrir íþróttahúsið á Laugarvatni.

Tilboð í teppamottur var lagt fram. Fjárhagsáætlun ársins rúmar ekki þá fjárfestingu sem í mottunum felst. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ákvörðun um fjárfestingu verði vísað til vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2025.

Fundi slitið kl. 13:45.



Stefanía Hákonardóttir


Helgi Kjartansson


Jón Forni Snæbjörnsson



Benedikt Skúlason



Ásta Stefánsdóttir



Kristófer Arnfjörð Tómasson